

## Morgunverðarfundur um samræmingu atvinnu- og fjölskyldulífs 20.11.2012

### Kveðja frá Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra

Góðir gestir.

Eitt af markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Um þetta er fjallað í jafnréttisáætlun stjórnvalda fyrir árin 2011-2014 og til að vinna að þessu mikilvæga verkefni var nefnd um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs sett á fót.

Eflaust þekkja allir á eigin skinni hvernig togstreita getur skapast á milli heimilis og vinnu og aðstæður í versta falli orðið slíkar að fólki finnist það sífellt vera að svíkjast undan merkjum, ýmist gagnvart fjölskyldunni eða vinnunni. En þótt við höfum hvert um sig hugmynd um hvernig þetta getur verið er auðvitað mikilvægt að afla sem bestra upplýsinga um þessi mál og rannsaka þau sem best. Þetta er eitt af hlutverkum nefndarinnar, en jafnframt að gera tillögur um hvernig megi auðvelda fólki að samræma atvinnu og fjölskyldulíf svo vel sé.

Það eru margar hliðar á þessu máli og margvíslegir hagsmunir í húfi að sem best takist til, hvort sem í hlut eiga þeir einstaklingar sem upplifa togstreituna, makar þeirra og börn, eða atvinnurekendur. Þetta er jafnréttismál, þetta varðar uppeldi og velferð barna og þetta snýr að vinnustöðunum sjálfum þar sem vellíðan starfsfólks og starfsánægja getur verið í húfi.

Aðgerðir til að auðvelda fólki að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf geta án efa verið margvíslegar. Jafnrétti kynja á vinnumarkaði í víðu samhengi er mjög mikilvægt í þessu samhengi, fyrirkomulag foreldra- og fæðingarorlofs er hluti af sama máli, veikindaréttur foreldra vegna veikra barna telur hér líka og síðast en ekki síst skipulag vinnustaða, vinnutími og sveigjanleiki, vinnustaðamenning og vinnutilhögun almennt. Skipulag skólstarfs er enn einn þáttur sem augljóslega getur skipt miklu máli um samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs og sitthvað mætti enn telja.

Það er geysilega mikilvægt að fjalla um þessi mál og finna leiðir að lausnum, því þetta varðar mikilvæg lífsgæði og farsælt fjölskyldulíf.

Með góðri kveðju og ósk um áhugaverðan fund og farsælt starf.